

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 146/1979. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Helga Steinari Karlssyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Lögveð. Synjað um lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. ágúst 1979. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og fógetarétti Reykjavíkur verði dæmt skylt að fara með lögtaksmálið og úrskurða um það.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

Hvorugur aðilja hefur krafist málskostnaðar.

Lögmaður áfrýjanda lýsti yfir því við munnlegan flutning málsins í fógetarétti, að hann teldi, að lögtaksmál þetta mætti reka á heimilisvarnarþingi gerðarþola. Hann krafðist síðan úrskurðar um þá kröfu sína, að með lögtaksmál þetta yrði farið fyrir fógetarétti Reykjavíkur.

Gerðarbeiðandi krafðist lögtaks fyrir fasteignaskatti, sem lagður var á fasteign í Grímsneshreppi í Árnessýslu, samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 8/1972. Fasteignaskattinum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign, sbr. 7. gr. sömu laga. Með hliðsjón af þessu og grundvallarreglu 78. gr. laga nr. 85/1936 gat lögtaksgerðin ekki farið fram nema á varnarþingi fasteignarinnar. Bar gerðarbeiðanda því að leggja beiðni sína fyrir fógeta í Árnessýslu, er síðan skyldi ráða málinu til lykta. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í lögtakslögum nr. 29/1885 eru ekki sérstök ákvæði um, í hvaða lögsagnarumdæmi gerð skuli fara fram, en skv. ákvæði í 1. mgr. 7. gr. laganna fer um þetta eftir aðfararlögum nr. 19/1887. Í 2. mgr. 33. gr. þeirra laga segir: „Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða“.

Nú er það að vísu svo, að í upphafi 78. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 segir: „Nú skal kröfu gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda . . . og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur . . .“

Hér er þess fyrst að gæta, að 78. gr. er í VII. kafla einkamálalaganna, en sá kafli er ekki meðal þeirra, sem eftir 223. gr. þeirra tekur til málsmeðferðar fyrir fógetarétti. Þá er þess að gæta, að ágreiningur aðilja er um lögmæti fasteignaskatts, en ekki eru gerðar kröfur um „réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda“. Leiða báðar þessar ástæður til þeirrar niðurstöðu að mínu áliti, að ekki er eftir 78. gr. einkamálalaga skylt að byrja í Árnessýslu lögtak vegna fasteignaskattskröfu áfrýjanda.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 mátti áfrýjandi krefjast lögtaks hjá stefnda í Reykjavík, þar sem heimilisvarnarþing hans er. Lögtak í fasteign stefnda í Grímsneshreppi verður að sönnu ekki gert af fógeta í Reykjavík, en ég tel, að ekki séu efni til, að hann synji um lögtak, þótt svo sé. Var hér rétt, að hann frestaði lögtakinu til framhalds á eigninni sjálfri. Mátti gerðarbeiðandi síðan fá lögtakinu fram haldið í Árnessýslu.

Eftir þessu tel ég, að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. júní 1979.

Með bréfi 23. maí þ. á. hefur Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður krafist þess f. h. Grímsneshrepps, að fram fari lögtak í eignum Helga Steinars Karlssonar, Búlandi 21 hér í borg, til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti fyrir árið 1978, kr. 26.440

auk vaxta og kostnaðar, en skattur þessi er lagður á sumarbústað Helga Steinars Karlssonar, er stendur í landi jarðarinnar Öndverðarness I í Grímsnesi.

Það liggur fyrir, að framgangi lögtaks er mótmælt.

7. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 segir, að fasteignaskatti fylgi lögveð í fasteign þeirri, er á er lagt, og skuli skattkrafan ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Þegar á þetta er litið, verður að telja, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að ganga skuli að eigninni sjálfri, og af því leiðir, að hvers konar innheimtuaðgerðir eiga að fara fram á varnarþingi hennar án tillits til persónulegs varnarþings eiganda.

Ber því að synja um meðferð umbeðinnar lögtaksgerðar í fógeta-rétti Reykjavíkur, og fer hún ekki fram.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð fer ekki fram.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1980.

Nr. 126/1979. **Alþýðuhúsið h/f**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Ara Arasyni

(sjálfur).

Uppboð. Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vil-hjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardóm-ari.

Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði uppboðsréttar Sauðárkróks, uppkveðnum 12. júní 1979, er áfrýjað með stefnu 2. júlí s. á.